

198. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 29. JANÚAR 2013

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning
2. Málefni Jóhönnu Guðjónsdóttur á Selfossi

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 14:00. Mætt voru Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands og dr. Sigurður Árni Þórðarson, varamaður sr. Gísla Gunnarssonar, sem hafði boðað forföll. Þá tóku þátt í fundinum símleiðis kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ragnhildur Benediksdóttir skrifstofustjóri og Þorvaldur Víðisson biskupsritari sem ritaði fundargerð.

2. MÁLEFNI JÓHÖNNU GUÐJÓNSDÓTTUR

Með úrskurði Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, dags. 22. nóvember 2010, beindi nefndin þeim tilmælum til sóknarnefndar Selfosskirkju að formanni sóknarnefndar Selfosssóknar, Eysteini Ó. Jónassyni og kirkjuverði við Selfosskirkju, Gunnþóri Gíslasyni, yrði veitt áminning af hálfu sóknarnefndar vegna brota þeirra sem starfs- og trúnaðarmanna kirkjunnar, gagnvart Jóhönnu Guðjónsdóttur.

Á fundi sóknarnefndar Selfosssóknar þann 15. febrúar 2011 (þar sem varaformaður sat fundinn í stað formanns) ákvað sóknarnefndin að verða ekki við tilmælum úrskurðarnefndar þar sem kirkjuvörður Selfosskirkju og fomaður Selfosssóknar höfðu með bréfi, dags. 29. mars 2010, beðið málshefjanda afsökunar á því sem á milli bar vegna símtala 5. mars 2010. Af þeim sökum sá sóknarnefnd ekki ástæðu til sérstakra aðgerða af sinni hálfu þar sem skrifleg afsökunarbeiðni lægi fyrir. Þessi niðurstaða sóknarnefndar var -að ósk kirkjuráðs – kynnt kirkjuráði, sem hefur samkvæmt 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, yfirumsjón með því að úrskurðum úrskurðarnefndar sé fylgt. Af því tilefni bókaði kirkjuráð á fundi þann 2. mars 2011 eftirfarandi:

„Þar sem ákvæði 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveður einungis á um að úrskurðarnefnd geti „lagt til“ að veita áminningu, verður ekki séð að sóknarnefnd sé beinlínis skylt að fara að tilmælum úrskurðarnefndar í framangreindum úrskurðarorðum. Kirkjuráð telur þar af leiðandi ekki efni til frekari aðgerða“.

Á síðasta fundi kirkjuráðs, þann 7. janúar 2013, var kynnt erindi frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 21. desember sl. er fjallar um kvörtun Jóhönnu Guðjónsdóttur til Innanríkisráðuneytisins, dags. 23. mars 2011, vegna úrlausnar sóknarnefndar Selfosssóknar á tilmælum úrskurðarnefndar og afgreiðslu kirkjuráðs sbr. framangreinda bókun ráðsins frá 2. mars 2011. Í erindinu er spurst fyrir um lyktir erindis Innanríkisráðuneytisins, dags. 24. október 2011.

Á kirkjuráðsfundinum þann 7. janúar 2013 upplýsti framkvæmdastjóri að síðastnefnt erindi Innanríkisráðuneytisins frá 24. október 2011 hefði borist Biskupsstofu þann 28. október 2011. Með því bréfi hefði Innanríkisráðuneytið framsent kirkjuráði framangreint erindi Jóhönnu til þóknarlegrar meðferðar. Vegna mistaka komst bréfið ekki til skila. Innanríkisráðuneytið sendi kirkjuráði bréf dags. 21. desember 2012 og spurdist fyrir um afgreiðslu málsins. Þá komu frangreind mistök í ljós og málið tekið til meðferðar.

Framkvæmdastjóri upplýsti nú að hann ásamt skrifstofustjóra Biskupsstofu hefðu átt fund með Jóhönnu þann 15. janúar 2013 til þess m.a. að skýra út fyrir henni hvers vegna þessi dráttur hefði orðið á því að veita úrlausn um erindið svo og til að hlýða á sjónarmið hennar. M.a. kom fram að Jóhanna teldi að núverandi kirkjuráði bæri að víkja sæti og varamenn að taka við afgreiðslu málsins vegna fyrri aðkomu sinnar að málinu.

Í erindi Jóhönnu sem Innanríkisráðuneytið framsendi kirkjuráði til þóknanlegrar meðferðar segir m.a:

„Kirkjuráð gangist við valdniðslu og mistökum sínum, sjá bls. 5, og gefi skýringar á hvers vegna ráðið hefur lagt „blessun“ sína yfir valdniðslu og mistök sóknarnefndar.

Kirkjuráð afturkalli ákvörðun sína í máli 1/2010 frá 2. mars þar sem ákvörðun þess var ógildanleg (25. gr. laga nr. 37/1993).

Kirkjuráð, þar sem vígslubiskup gegnir embætti biskups Íslands um stundarsakir vegna vanhæfi biskupsins við framfylgd máls 1/2010, krefji sóknarnefnd Selfosskirkju um endurupptöku vegna fullnustuhlutverks nefndarinnar gagnvart úrskurði 1/2010.

Framfylgdarhlutverki kirkjuráðs í máli 1/2010 ljúki þegar sóknarnefnd Selfosskirkju hefur fullnustað úrskurðinum.

Kirkjuráð gaumgæfi stöðu sína í ljósi valdniðslu og mistaka sinna. Kirkjuráð leggi fram skriflega afsökunarbeiðni til málshefjanda 1/2010 þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir áframhaldandi hæfi nefndarmanna í ráðinu.“

Kirkjuráð lítur svo á að endanleg úrlausn ráðsins um framkvæmd úrskurðar í máli úrskurðarnefndar nr. 1/2010 hafi verið veitt þann 2. mars 2011, eins og fyrr er rakið. Ekkert það hafi komið fram síðar sem gefi tilefni til að bregðast frekar við framangreindum kröfum á hendur kirkjuráði.

Kirkjuráð bendir á að hægt er að leita til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi.

Hvað varðar kröfur á hendur öðrum aðilum, sem greinir í bréfi Jóhönnu mun erindið verða framsent þeim aðilum, þ.e. sóknarnefnd Selfosssóknar, fyrrverandi biskupi Íslands og fyrrverandi forseta kirkjuþings. Erindið verður einnig sent biskupi Íslands á grundvelli 11. gr. laga nr. 78/1997.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25

Þorvaldur Víðisson biskupsritari